

Viðmiðunarreglur

um mynda- og hljóðupptökur í leik- og grunnskólum Akureyrarbæjar

Reglur þessar taka mið af rétti barna til friðhelgi einkalífs, sem er tryggður í barnasáttmála SP, stjórnarskránni og lögum um Persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Reglur þessar gilda innan húsnæðis leik- og grunnskóla, á lóð leik- og grunnskóla og í ferðum á vegum leik- og grunnskóla.

Reglur þessar gilda um starfsmenn leik- og grunnskóla og skulu kynntar foreldrum barna í leik- og grunnskólum.

1. Óheimilt er að taka ljósmyndir, myndbönd og viðhafa hljóðupptökur af börnum á snjalltæki eða önnur tæki í einkaeigu. Sé það gert, er ábyrgð vegna vinnslu þeirra persónuupplýsinga alfarið á hendi starfsmanns eða foreldris.
2. Ekki er heimilt að taka ljósmyndir, myndbönd og hljóðupptökur af börnum nema skriflegt samþykki foreldra liggja fyrir.
3. Óheimilt er að deila ljósmyndum, myndbandaupptökum og hljóðupptökum af börnum til þriðja aðila.
4. Óheimilt er að birta ljósmyndir, myndbönd og hljóðupptökur af börnum á samfélagsmiðlum, nema í ströngum undantekningartilvikum og að höfðu samráði við skólstjórnendur ef um opinn viðburð er að ræða og samþykki foreldra liggur fyrir.
5. Um allar ljósmyndatökur, myndbandsupptökur, hljóðupptökur og myndbirtingar gildir að gæta ber varúðar, nærgætni og siðgæðis. Óheimilt er að sýna börn á ögrandi, niðrandi eða óviðeigandi hátt, t.d. þannig að þau séu nakin eða klæðalítill, vansæl eða í erfiðum tilfinningalegum aðstæðum.
6. Komi ljósmyndari inn í leik- og grunnskóla til að taka bekkjarljósmyndir/hópljósmyndir, skal gera samning við ljósmyndara þar sem öryggi persónuupplýsinga er tryggt. Aðeins skulu teknar myndir af börnum þar sem samþykki liggur fyrir.
7. Ekki þarf að afla samþykktis þegar settar eru inn einstaklingsljósmyndir í samþykkt vefkerfi eins og Karellen, InfoMentor, Innu og Námfús þar sem myndbirting byggir á öryggissjónarmiðum og engin dreifing fer fram.